



209. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 18. apríl 2013 kl. 16:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Helga H. Magnúsdóttir, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Hafsteinn Pálsson, Garðar Svansson 2. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Forföll: Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir og Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður,

1. Skýrsla endurskoðanda ÍSÍ

Tryggvi Geirsson kom inn á fundinn og kynnti úttekt sína á bókhaldi og endurskoðun ársreiknings ÍSÍ.

Forseti þakkaði Tryggva fyrir greinargóða skýrslu og þakkaði honum einnig fyrir hans góðu störf sem annar af aðalendurskoðendum ÍSÍ. Tryggvi vék síðan af fundi.

2. Ólympísk verkefni

Smáþjóðaleikar - LUX 2013

Friðrik Einarsson skýrði frá stöðu undirbúnings fyrir leikana. Ólympíunefnd Kýpur á í miklum fjárhagslegum örðugleikum og er leitað lausna hjá GSSE og EOC varðandi stuðning við þátttöku Kýpur í leikunum.

Fararstjórafundur sem haldinn var í lok mars gekk vel og aðstæður í Luxemborg eru góðar.

Friðrik skýrði einnig frá fundi með sérsamböndum sem haldinn var nýlega um þau ólympísku verkefni sem framundan eru.

EYOF Utrecht 2013

Helga H. Magnúsdóttir skýrði frá því að fararstjórafundur yrði dagana 25.-27. apríl næstkomandi í Utrecht. Undirbúningur fyrir leikana gengur vel.

Sochi 2014

Undirbúningur fyrir Vetrarólympíuleikana í Sochi er á réttu róli.

3. Smáþjóðaleikar 2015

Helga Steinunn Guðmundsdóttir fór yfir stöðu mála varðandi undirbúning fyrir Smáþjóðaleikana 2015. Helstu verkefni skipulagsnefndar leikanna undanfarnar vikur hefur verið að tryggja mannvirki fyrir keppni leikanna og fara yfir búnaðarþarfir og aðstöðu.

4. 71. Íþróttaping ÍSÍ

Farið yfir fyrirkomulag þingsins. Forseti Íslands hefur boðað forföll en mennta- og menningarmálaráðherra mun mæta til þings seinni þingdaginn, ávarpa þingið og aðstoða við opnun Sjálfboðaliðavefs ÍSÍ.

Forseti skýrði frá undirbúningi fundar með fulltrúum stjórnmalaflokka sem haldinn verður í hádeginu föstudaginn 19. apríl, sama dag og þingið hefst.

Forseti lýsti yfir ánægju sinni með ársskýrslu ÍSÍ sem nýkomin er úr prentun og fundarmenn fengu afhenta í upphafi fundar.

5. Heiðranir

Nokkrar tilnefningar til heiðrana bárust á milli funda og voru samþykktar með tölvupósti. Þær eru hér með staðfestar:

UÍA

Grímur Magnússon – Gullmerki ÍSÍ.

Póroddur Helgason Seljan – Gullmerki ÍSí.

Hafsteinn Pálsson afhenti merkin á Norðfirði, í tengslum við ársþing UÍA 14. apríl sl.

HSH

Ásgeir Ragnarsson – Silfurmerki ÍSí.

Þorsteinn Björgvinsson – Gullmerki ÍSí.

Forseti afhenti merkin á ársþingi HSH 9. mars sl.

HHF

Sigurður Viggósson – Gullmerki ÍSí.

Heiðar I. Jóhannsson – Gullmerki ÍSí.

Gunnlaugur Júlíusson afhenti merkin á ársþingi HHF á Bíldudal 15. apríl sl.

UDN

Finnbogi Harðarson – Gullmerki ÍSí.

Garðar Svansson afhenti merkið á ársþingi UDN 8. apríl sl. í Búðardal.

6. Tillaga frá ársþingi HSK

Eftirfarandi tillaga frá ársþingi HSK lögð fram:

Íslensk getspá og Íslenskar getraunir

91. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið í Aratungu 9. mars 2013, hvetur UMFÍ og

ÍSí til að standa vörð um fyrirtæki hreyfingarinnar, Íslenska getspá og Íslenskar getraunir.

Þingið hafnar því alfarið að aðrir en UMFÍ, ÍSí og ÖBÍ fái hlutdeild í hagnaði af lottóinu

Einnig lögð fram eftirfarandi ályktun frá ársþingi UMSK:

89. ársþing UMSK haldið í Félagshöllum Seltjarnarnesi 28. febrúar 2013, þakkar UMFÍ og ÍSí

fyrir gerð kannana um ánægju iðkenda innan íþróttahreyfingarinnar og hvetjum samtökin til að

standa saman að slíkum könnunum í framtíðinni.

7. Fundargerðir

Eftirtaldir fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 208. fundur framkvæmdastjórnar
- 9. og 10. fundur framkvæmdaráðs ÍSí
- Afreks- og ólympíusvið ÍSí frá 9. apríl.
- Afreksjóður ÍSí frá 15. apríl.

Eftirfarandi styrkveiting samþykkt: Styrkur til KSÍ að upphæð kr. 7.000.000 vegna verkefna A-landsliðs kvenna, þ.m.t. lokakeppni á EM í Svíþjóð.

Einnig staðfestur styrkur til ÍF vegna ársins 2012 en skráning styrkveitingarinnar misfórst í fundargerð frá fundi sjóðsins 2. janúar 2012.

- Almenningsíþróttasvið ÍSí 8. apríl.
- Nefnd um íþróttir 60+ frá 10. apríl.
- Lyfjaeftirlitsnefndar frá 26. mars
- Minnisblað frá ráðstefnu WADA 19.-20. mars í Lausanne

8. Viðburðir framundan

Farið yfir þá viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið. Nokkur ársþing eru framundan og voru fundarmenn beðnir að skrá sig á þau þing sem þeir komast til.

9. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí

Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSí verður haldinn fimmtudaginn 2. maí.

10. Önnur mál

Erindi SKRR

Bréf Skíðaráðs Reykjavíkur tekið fyrir en þar er óskað eftir því að ÍSí sjái til þess að Skíðasamband Íslands framfylgi úrskurði Skíðadómstóls frá 7. maí 2012. Forseti skýrði frá fundi sem hann átti með formanni Skíðasambandsins fyrir í dag vegna þessa máls og einnig til að fjalla um ásakanir um „íþróttalega hagræðingu úrslita“ í skíðakeppnum með misnotkun á forsendum stigaútreiknings.

Síðasti fundur stjórnar

Forseti þakkaði fundarmönnum fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu og óskaði öllum góðs gengis á komandi þingi.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.